MENNING



Dýrt verk Málverkið Benefits Supervisor Sleeping eftir Freud.

Heimsmet slegið

Dýrasta verk núlifandi listamanns

MÁLVERKIÐ *Benefits Supervisor Sleeping* eftir listmálarann Lucian Freud var selt á uppboði í Christie's í New York í fyrradag fyrir 33,6 milljónir dollara, um 2.684 milljónir króna og er það metverð sem fengist hefur á uppboði fyrir verk lifandi listamanns. Fyrra met átti myndlistarmaðurinn Jeff Koons, verk hans *Hanging Heart* seldist á 23,5 milljónir dollara í nóvember í fyrra.

Málverkið málaði Freud árið 1995 af yfirmanni hjá fyrirtækinu Jobcenter, Sue Tilley, sofandi uppi í sófa. Uppboðshúsið Christie's segir verkið sýna slagkraftinn í raunsæismálverkum Freud. Freud er orðinn 85 ára.

Tilley sat fyrir hjá Freud í ein fjögur ár og segir í samtali við BBC að það hafi verið undarleg tilfinning að sitja nakin fyrir. Henni þyki það skondið að mynd af sér sé svo verðmæt sem raun ber vitni. Hún hafi ekki átt von á því og ekki Freud heldur. Málverkið sé eins og hvert annað verk málarans.

Fyrra sölumet á verki eftir málarann er 19,3 milljónir dollara en það verð var greitt fyrir verkið *IB and Her Husband* árið 1992.



County Hall Gamla ráðhúsið.

Fær nýtt hlutverk

TIL stendur að opna sviðslistamiðstöð með þremur sýningarsölum í byggingu þeirri í London sem áður hýsti Saatchi-galleríið og þar áður ráðhús borgarinnar.

Factory theatre leikhópurinn sýndi *Hamlet* í húsinu fyrr á þessu ári í fundarsal byggingarinnar og mun sá salur að öllum líkindum verða nýttur undir stærstu uppfærslurnar. Fyrirtækið Weird & Wonderful heldur úti sýningu í húsinu á leikmunum sem notaðir hafa verið í ýmsum kvikmyndum en hefur í hyggju að reka lítið leikhús, s.k. black box eða svartan kassa, og jafnvel sýna utandyra einnig, enda mikið pláss fyrir framan bygginguna.

Arkitektinn Ralph Knott teiknaði bygginguna og Georg V. konungur vígði hana árið 1922. Hún stendur við Thames-á á besta stað í suðurhluta borgarinnar, skammt frá parísarhjólinu mikla, London Eye.

Húsið var selt fjárfestum á tíunda áratug síðustu aldar og margvísleg starfsemi fer fram í því, m.a. sædýrasafn og listasafn helgað Salvador Dalí. Menningarmiðstöðin kemur til með að heita Greater London Theatre.

Tónlist

Ítölsk stemning í Gyllta salnum



Jón Rafnsson

TRÍÓIÐ Delizie Italiane heldur útgáfutónleika í Gyllta salnum á Hótel Borg í kvöld kl. 20.

Þar leikur tríóið lög af nýútkomnum geisladiski sínum sem ber einfaldlega nafnið *Delizie Italiane*. Tríóið skipa þeir Leone Tinganelli, gítarleikari og söngvari frá Napolí, Jón Elvar Hafsteinsson gítarleikari og Jón Rafnsson kontrabassaleikari, en þeir hafa starfað saman frá árinu 2000.

Í kvöld leika þeir tónlist frá ýmsum héruðum Ítalíu. Flest laganna voru í upphafi alþýðusöngvar en eru nú orðin klassísk sönglög sem eru flutt jafnt í virtum óperuhúsum sem á götuhornum.

Leiklist

Hugleikur sýnir fimm verk



Fríða Bonnie Andersen

HUGLEIKUR setur endapunktinn á leikárið 2007 til 2008 með leikdagskrá í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld, föstudagskvöld. Flutt verða fimm leikverk eftir félagsmenn, þar af eru fjögur frumflutt. Samkvæmt venju er leikstjórn í höndum liðsmanna Hugleiks. Verkin sem sýnd verða eru *Ári síðar* e. Árna Friðriksson, *Eldhúsið* e. Fríðu Bonnie Andersen, *Gilitrutt* e. Þórunni Guðmundsdóttur, *Keisarinn* e. Sigríði Láru Sigurjónsdóttur og *Sessunautar* e. Sigurð H. Pálsson. Húsið verður opnað kl. 20.30, en sýning hefst kl. 21. Almennt miðaverð er 1.000 kr. Nánar á hugleikur.is.

Myndlist

Helga opnar í Gallerí Dvergi



Helga Óskarsdóttir

HELGA Óskarsdóttir opnar sýningu í Gallerí Dvergi, Grundarstíg 21, frá kl. 19 til 21 í kvöld. Helga hefur fengist við ýmiss konar landslag í myndlist sinni og dregið upp á yfirborðið fegurð falinna smáatriða í umhverfi manneskjunnar. Þar má nefna sprungur í veggjum og gamlar tyggjóklessur. Í sýningarýminu Gallerí Dvergi sýnir Helga nýtt, staðbundið verk. Á þessari sýningu nálgast hún viðfangsefni sitt hinum megin frá. Í stað þess að stækka og fara alveg upp að þeim til að sjá smáatriðin, þá minnkar hún viðfangsefnið og horfir á það utan frá. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Listahátíð í Reykjavík | Hátíðin sett í Listasafni Reykjavíkur í kvöld

Þetta gæti orðið sögulegt

Tilraunamaraþon með þátttöku fjölda lista- og vísindamanna verður í Hafnarhúsinu

Eftir Einar Fal Ingólfsson
efi@mbl.is

LISTAHÁTÍÐ í Reykjavík verður sett í kvöld. Næstu daga munu augu listunnenda beinast að Hafnarhúsinu en Tilraunamaraþonið sem þar fer fram á föstudag og sunnudag er einn hápunkta dagskrárinnar. Og víst er listinn yfir þátttakendur glæsilegur og dagskráin forvitnileg; það má spyrja hvað svo ólíkt fólk sem Brian Eno, Thor Vilhjálmsson, John Baldessari, Þorsteinn I. Sigfússon, Dr. Ruth, Rirkrit Tiravanija og Gabríela Friðriksdóttir hafa til málanna að leggja.



Sýningarstjórinn Hans Ulrich Obrist.

Tilraunamaraþonið er unnið í samstarfi við Serpentine Gallery í London. Hinn kunni sýningastjóri þeirrar stofnunar, Hans Ulrich Obrist, stýrir dagsskránni ásamt Ólafi Elíassyni. Maraþonið stendur til 17. ágúst en um nú helgina verður Hafnarhúsinu breytt í tilraunastofu þar sem ýmsar tilraunir verða framkvæmdar, gjörningar sviðsettir, kvikmyndir sýndar og hver veit hvað. Það kemur í ljós.

Sýningastjórinn Hans Ulrich Obrist var önnum kafinn á skrifstofunni í London í gær, er hann ræddi við blaðamann, en virtist þó vera ágætlega að sér um hvernig gengi, enda hefur fjöldi manna unnið langa vinnudaga við undirbúninginn. En hvað munu gestir upplifa?

„Gestir verða vitni að einhverju sem snýst um tilraunir í opinberu rými," segir Obrist. „Ég hef lengi unnið að maraþonum. Viðtalamaraþonum með arkitektinum Rem Koolhaas og tilraunamaraþonum með Ólafi Elíassyni. Með Koolhaas þróaði ég maraþonin út frá samtölum. Í fyrra var Ólafi boðið að hanna Serpentine-skálann og um leið buðum við honum að gera tillögu að dagskrá í stofnuninni. Hann var hrifinn af maraþonhugmyndinni, en í stað þess að tala saman vildi hann bjóða fólki að koma og gera eitthvað, að vinna að tilraunum. Við Ólafur höfum báðir verið áhugasamir um tengsl myndlistar og vísinda, sérstaklega hvernig myndlistarmenn og vísindamenn, sem og arkitektar og vísindamenn, geta unnið saman. Við vildum biðja listamenn úr ýmsum geirum, arkitekta, tónskáld, rithöfunda og myndlistarmenn, að gera tilraunir opinberlega. Þess vegna buðum við stórum hópi að gera tilraunir í London í fyrra og nokkur þúsund manns fylgdust með.

Hugmyndin var að skapa nýtt maraþon sérstaklega fyrir Reykjavík, algjörlega nýtt verk, en einnig að sýna útkomu tilraunamaraþonsins í London. Og á sama tíma að sýna úr gögnum verkefnisins „Laboratorium" sem ég vann að með Barbara Vanderlinden árið 1999. Þar var einnig tekist á við hugmyndir um tilraunir í opinberu rými.



List og vísindi Marina Abramovic, sem mun eiga samtal við bandaríska kynlífsfræðinginn Dr. Ruth á Tilraunamaraþoninu, tók þátt í sambærilegu maraþoni í Sepentine Gallery í London. Von er á fjölbreytilegum uppákomum.

Í HNOTSKURN

» **Tilraunamaraþon, undir stjórn Listasafns Reykjavíkur og Serpentine Gallery, er einn hápunkta Listahátíðar.**

» **Verkefninu er stýrt af Hans Ulrich Obrist, sýningarstjóra Serpentine Gallery, og Ólafi Elíassyni myndlistarmanni.**

» **Verkefninu er skipt í tvennt: maraþon þar sem hver atburðurinn rekur annan í Hafnarhúsinu á föstudag og sunnudag, og fjölda innsetninga sem standa í sumar.**

» **Að minnsta kosti fimm tugir listamanna, úr hinum ýmsu greinum, arkitekta og vísindamanna taka þátt í tilraunamaraþoninu.**

Ótal óvæntir hlutir

Okkur þótt áhugavert að sýna þessar fyrri tilraunir í safninu, og einnig að bjóða sumum listamönnunum að vinna að innsetningum. Uppfinningamaðurin Einar Þorsteinn, sem vann með Ólafi í mörg ár, skapar til dæmis lítinn skála inni í safninu, þar sem verður haldið áfram með hugmyndirnar úr skálanum í London. Svo verða margir nýir spennandi hlutir.

Þessi uppákoma á Listahátíð í Reykjavík hefur alla burði til að verða áhugavert fyrirbæri. Þetta er bæði sýning og röð af uppákomum. Á föstudag og sunnudag fá gestir, íslenskir sem erlendir, tækifæri til að upplifa og taka þátt í öllum þessum tilraunum.

Og til að svara spurningunni hverju fólk megi búast við, þá má segja: ótal mörgum óvæntum hlutum! Þetta er allt annað en fyrirlestur eða kynning. Margt af þessum uppákomum krefst þátttöku viðstaddra, og það á jafnt við samtal Marinu Abramovic við Dr. Ruth og vísindatilraunir.

Við getum einnig vænst þess að upplifa ákveðin ferli, við munum sjá eitt á föstudag, annað á sunnudag, og ennþá eitthvað annað á meðan á sýningunni stendur í sumar."

– Sýningin heldur áfram eftir helgi og byggist hún þá á innsetningum og gögnum úr maraþonunum?

„Já, og við setjum saman bók með niðurstöðunum. Þetta verður allt vandlega skrásett og bókin kemur út eins fljótt og unnt er."

Erró og Shneeman að nýju

– Er þessi uppákoma, þar sem þið hrærið alls kyns hlutum saman, aðferð til að afbyggja viðteknar hugmyndir um myndlist og hvernig eigi að upplifa hana?

„Það eru margar leiðir til að upplifa list. Hugmyndin um að sýningasalurinn sé kapella er fullgild, eins og hugmyndin um hvíta rýmið, og ég held að allir þessir möguleikar séu í gildi. Okkur finnst hinsvegar mikilvægt að þessir möguleikar séu líka til og séu fullgildir. Svo margt í listinni snýst um ferli, ekki bara um hluti. Í samhengi Listahátíðar er líka spennandi að sjá svo marga spennandi listamenn koma saman í Reykjavík, til að sýna verk sín og skapa eitthvað sérstakt. Það gæti orðið sögulegt! Listamenn, arkitektar, vísindamenn, skáld og rithöfundar koma alls staðar að úr heiminum. Ef þú vilt skilja myndlist í samtímanum tel ég að það sé alltaf mikilvægt að horfa einnig til annarra listgreina og listinn yfir þátttakendur inniheldur vissulega mörg óvænt nöfn. Frá Jonasi Mekas, sem er merkur frumherji í bandarískri kvikmyndagerð, að mjög ungum listamönnum.

Við erum líka ánægðir með að sýna óvænta hlið á verkum Errós. Í Hafnarhúsi fer Erró venjulega með afar stóra rullu, þarna er safnið hans, og okkur Ólafi þótti áhugavert að sýna hans verk því sérstaklega, með því að sýna samband Errós við vísindin. Í einum sal verða málverk hans um vísindamenn og ljósmyndir af samstarfi hans við Carolee Schneeman, performans-listamann, en Schneeman mun nú koma til landsins og vinna að nýjum performans. Við getum því sagt að samtalið milli Errós og Schneeman haldi áfram 30 árum eftir mikilvægt verkefni þeirra í New York.

Fólk getur látið sig hlakka til margra ólíkra hluta."

Obrist hefur unnið að ýmsum verkefnum hér á landi, meðal annars á Eiðum, og gefið út bækur með viðtölum sem hann hefur tekið þar.

„Nokkur síðustu sumur hef ég verið á Eiðum með Sigurjóni Sighvatssyni og Ólafi Elíassyni. Það verkefni hefur vaxið með hverju ári og að því kemur einstakur hópur listamanna og rithöfunda.

Ég hef hrifist af því hvað menningarsenan er lífleg á Íslandi. Það eigið alla þessa frábæru tónlistarmenn, eins og Björk og Mugison, og í bókmenntunum kynslóð eftir kynslóð af frábærum skáldum og rithöfundum. Ég hef lengi verið aðdáandi íslenskra lista. Yngri listamenn taka þátt í maraþoninu en við verðum líka með frumkvöðulinn Thor Vilhjálmsson, sem tekur þátt í tilraunum."